

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. janúar 2012

Efni: Athugasemdir IP-fjarskipta ehf. við frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjarskipti og lögum um Póst- og fjarskiptastofnun (CERT, tíðniréttindi, rekstrargjald o.fl.)

Vísað er til tilkynningar frá umverfis- og samgöngunefnd, dags. 13. desember sl., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjarskipti og lögum um Póst- og fjarskiptastofnun.

IP-fjarskipti ehf. (Tal) gerir eftirfarandi athugasemdir við framangreint frumvarp:

Tal vill byrja á því að gera almennar athugasemdir við stofnun CERT-ÍS sbr. 8. gr. frumvarpsins. Tal er fagnar því að settur sé á fót slíkur hópur en telur að þáttur Póst- og fjarskiptastofnunarinnar (PFS) og kostnaður vegna hans úr hófi. Tal er á móti því að hækka rekstrargjaldið til að standa straum að kostnaði vegna aukins umfangs hjá PFS við stofnun CERT-ÍS. Öll fjarskiptafyrirtæki hafa verið að hagræða í rekstri sínum sem þýðir að starfsfólk þeirra hefur þurft að taka á sig fleiri verkefni en áður og Tal telur það fullkomlega eðlilegt að PFS geri hið sama. Tal telur að sérþekking á þessum málum eigi fyrst og fremst heima í viðkomandi fyrirtækjum og stofnunum sem búa yfir ómissandi upplýsingainnviðum enda geta þau ekki starfað í þessu umhverfi ef þau tryggja ekki varnir gegn árásum. Tal er því ekki sátt við það að byggja upp og kosta mikla sérþekkingu innan PFS vegna þessa. Ef það er nauðsynlegt þá væri hægt að kaupa tæknihluta þessara starfsemi erlendis frá þar sem bæði sérfræðingar og búnaður er þegar til staðar í stað þess að byggja það allt frá grunni hér á landi. Tal telur það skynsamlegast að fara hæggar af stað í þessum málum og reyna að nýta þá þekkingu sem þegar er til staðar í viðkomandi fyrirtækjum og stofnunum áður en búin er til enn einn stór kostnaðarliður sem lendir á fjarskiptafyrirtækjum að ástæðulausu. Þá spyr Tal í þessu sambandi hver sé þáttur almannavarna í þessu máli og hvort almenn vernd á fjarskiptavirkjum og netum ekki heima hjá almannavörnum ríkisins?

Tal gerir alvarlegar athugasemdir við 10. gr. frumvarpsins og þær fyrirætlanir að heimila PFS að leggja sektir á fjarskiptafyrirtæki fyrir brot á öllum mögulegum ákvæðum fjarskiptalaga. Að mati Tals er verið að færa PFS of mikil völd sem hvorki er eðlilegt né nauðsynlegt þar sem Tal telur að stór hluti þeirra atriða sem falla hér undir eigi í raun undir aðrar stofnanir, Samkeppniseftirlitið og Neytendastofu. Að auki þá eru neytendur mjög meðvitaðir um sín réttindi og skyldur fjarskiptafyrirtækja og myndu í flestum tilvikum færa viðskipti sín ef þeir væru ekki sáttir við þjónustuna.

Það má því segja að neytendaeftirlit sé sjálfvirkt og “sektir” séu innbyggður þáttur í viðskiptunum ef tilefni kemur upp.

Að mati Tals er engin ástæða til þess að PFS hafi heimild til að sekta fyrir brot á mörgum af þeim ákvæðum sem hér eru upp talin. Í fyrsta lagi þar sem reynslan hefur sýnt að ekki eru uppi vandamál varðandi flest ákvæðin. Í öðru lagi þar sem flest ákvæðin eru þannig að hvorki verður séð hvernig PFS gæti staðfest brot á þeim né hvernig stofnunin geti ákveðið sektir vegna þeirra þar sem flest þau tilvik sem gætu komið upp eru svo minniháttar. Að mati Tals er fullkomlega óeðlilegt að fella hér undir þau flest ef ekki öll þau ákvæði sem talin eru upp í a. lið 10. gr. frumvarpsins. Tal vill í þessu sambandi taka sem dæmi 37. gr. fjarskiptalaga um viðskiptaskilmála og upplýsingagjöf til notenda. Í flestum tilvikum stendur ekki á fjarskiptafyrirtækjum að gera samninga við nýja viðskiptavini en í sumum tilvikum gæti komið upp sú staða að fjarskiptafyrirtæki vildi ekki gera samning við ákveðin aðila, t.a.m. ef viðkomandi hefði áður verið í viðskiptum við fyrirtækið en ekki staðið við greiðslur á reikningum og ekki hafi tekist að innheimta skuldina hjá honum. Tal lítur svo á að fjarskiptafyrirtæki eigi sjálfst að geta ákveðið hverjum það selji þjónustu sína þar sem það væri aðeins í mjög eðlilegum tilvikum sem fjarskiptafyrirtæki kysi það að hafna því að gera samning við einstakling eða fyrirtæki. Tal telur sömu sjónarmið eiga við flest önnur ákvæði sem talin eru upp í a. lið og hvetur nefndina til að kynna sér þetta vel og gera nauðsynlegar breytingar á þessu ákvæði.

Í b. lið sömu greinar er fjallað um gáleysisbrot og þar talin upp sömu ákvæði og eru í a. lið. Tal skilur ekki af hverju sömu ákvæði eiga að vera í báðum liðum. Ef brot á umræddum ákvæðum eiga eingöngu að verða sektum er þá ekki eðlilegra að telja þau upp eingöngu í b. lið?

Tal telur sömu röksemdir eigi við 11. gr. frumvarpsins og hér að framan eru rakin.

Að lokum ítrekar Tal athugasemdir sínar við fyrirhugaða hækkun á rekstrargjaldi sbr. 14. gr. frumvarpsins. Um er ræða töluverða hækkun sem mun væntanlega leggjast hart á fjarskiptafyrirtækin sem hafa líklega ekki önnur úrræði en að velta henni áfram á viðskiptavini sína. Öll hækkun og ný gjöld sem leggjast á fjarskiptafyrirtæki fara út í verðlagið. Yfir 95% landsmanna eru með nettengingu og því má segja að þetta sé í raun skattlagning.

Virðingarfyllst,

f.h. IP-fjarskipti ehf.



Viktor Ólason